

Eimskipafélag Íslands hf.

Aðalfundur 7. mars 2024

Haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Sundabakka 2, Reykjavík kl. 15:00

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2023
4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins
5. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins
6. Tillaga stjórnar um breytingu á grein 8.2 í samþykktum félagsins
7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
8. Kosning stjórnar félagsins
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar
10. Kosning endurskoðenda
11. Tillaga stjórnar um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd
12. Önnur mál, löglega upp borin

Ályktunartillögur fyrir aðalfund 2024

Öll gögn vegna aðalfundar er að finna á fjárfestasíðu félagsins og má nálgast [hér](#)

2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2023 verði samþykktur.

3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2023

Félagsstjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður vegna reikningsársins 2023 sem nemur 22,53 krónum á hlut. Nemi heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 3,70 milljörðum króna sem samsvari um 45,9% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi 7. mars 2024 og arðleysisdagur¹ því 8. mars 2024 og arðsréttardagur² 11. mars 2024. Lagt er til að útborgunardagur³ verði þann 17. apríl 2024.

Greinargerð stjórnar:

Rekstrarniðurstöður félagsins á árinu 2023 voru góðar þrátt fyrir verulegar markaðsbreytingar frá fyrra ári. Sterk lausafjárstaða og eiginfjárlutföll í árslok styðja þessa ráðstöfun. Arðgreiðslustefnan heimilar tillögu um arðgreiðslu til hluthafa sem nemur milli 10% og 65% af hagnaði fyrra árs. Þessi tillaga er vel innan þeirra marka sem stefnan skilgreinir en stjórn félagsins leitast við að hafa samkvæmni í arðgreiðslum milli ára og endurspeglar tillagan það.

4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur fram tillögu um heimild til kaupa á eigin bréfum og breytingu á grundvelli greinar 11.2 í samþykktum félagsins:

„Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. haldinn 7. mars 2024 veitir stjórn félagsins heimild til að eignast, í einum eða fleiri viðskiptum, allt að 10% af hlutfé félagsins. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutfé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal vera í samræmi við 3. mgr. 55. gr. laga nr. 2/1995. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildir þessarar.“

Greinargerð stjórnar:

Á aðalfundi þann 9. mars 2023 var samþykkt heimild til kaupa á eigin hlutum sem gildir í 18 mánuði frá 9. mars 2023 til 9. september 2024. Með þessari tillögu gildir heimildin til 7. september 2025. Tillaga þessi felur í sér að stjórn félagsins sé veitt almenn heimild til þess að koma á formlegri endurkaupaáætlun og/eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Þessa heimild mætti einungis nýta að uppfylltum skilyrðum laga. Verði tillagan samþykkt mun ákvæði svo breyttrar greinar 11.2 gilda um kaup félagsins á eigin hlutum. Tilgangur endurkaupanna er lækkun hlutfjár og/eða til þess að uppfylla skuldbindingar sem kunna að stofnast á grundvelli kaupréttaráætlunar félagsins.

Um endurkaupaáætlanir gilda ítarlegar reglur um veitingu upplýsinga og framkvæmd ákveði stjórn að gera hluthöfum tilboð um kaup á eigin bréfum, þar sem hafa skal jafnræði og gagnsæi að leiðarljósi.

¹ **Arðleysisdagur** er sá dagur sem viðskipti hefjast án arðsréttinda, þ.e. næsti viðskiptadagur eftir aðalfund.

² **Arðsréttardagur** er sá dagur sem hluthafar verða að vera skráðir í hlutaskrá til að eiga rétt á arði, þ.e. annar viðskiptadagur eftir aðalfund. Þetta þýðir að hluthafar sem hafa keypt hluti á aðalfundardegi munu fá greiddan arð.

³ **Útborgunardagur** er sá dagur sem arður er greiddur út til hluthafa.

5. Tillaga stjórnar um lækkun hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu um lækkun á eigin hlutum:

„Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf., haldinn þann 7. mars 2024, samþykkir að lækka hlutfé félagsins um 2.150.000 kr., úr 167.850.000 kr. í 165.700.000 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með lækkun á eigin hlutum félagsins sem nemur framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga um hlutafélög.“

Þannig leggur stjórn til að grein 2.1 í samþykktum verði breytt til samræmis og muni verða svohljóðandi verði tillagan samþykkt:

„Hlutfé félagsins er kr. 165.700.000.“

Greinargerð stjórnar:

Þann 10. október 2023 tók stjórn félagsins ákvörðun um framkvæmd endurkaupaáætlunar skv. heimild í grein 11.2. í samþykktum þess og lauk henni þann 16. janúar 2024. Tilgangur áætlunarinnar var að lækka útgefið hlutfé félagsins. Tillagan felur í sér að eigin hlutir sem voru keyptir í endurkaupaáætluninni verði ógiltir. Verði tillagan samþykkt lækkar hlutfé félagsins úr 167.850.000 kr. í 165.700.000 kr. að nafnvirði. Lækkunin verður framkvæmd þegar lögmat skilyrði eru uppfyllt.

6. Tillaga stjórnar um breytingu á grein 8.2 í samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingar á grein 8.2 í samþykktum félagsins.

Þannig leggur stjórn til að grein 8.2 í samþykktum verði breytt og muni verða svohljóðandi verði tillagan samþykkt:

„Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.“

Greinargerð stjórnar:

Núverandi grein 8.2 samþykktar félagsins hljóðar svo: „Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Í meiriháttar ákvörðunum þarf þó samþykki fjögurra af fimm stjórnarmönnum, svo sem kveðið er á um í starfsreglum stjórnar. Tillögur falla á jöfnum atkvæðum.“

Samþykktir Eimskipafélag Íslands hf. eru að grunni til frá árinu 2009 þegar félagið fór í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Strax í kjölfar samþykkrar fjárhagslegrar endurskipulagningar var ákvæðið sett inn í grein 8.2 í því formi og að því efni sem gildir enn í dag. Var það hluti af samkomulagi þeirra kröfuhafa sem tóku yfir reksturinn á þeim tímapunkti. Grein 8.2 hefur haldist óbreytt frá þeim tíma.

Meginregluna um ákvarðanatöku stjórnar á stjórnarfundum er að finna í 1. mgr. 71. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 hvar segir að einfaldur meirihluti atkvæða ráði úrslitum, nema samþykktir kveði á um annað. Það sérákvæði sem er að finna í grein 8.2. í samþykktum félagsins er því ekki í samræmi við meginreglu hlutafélagalaga sem gerir ráð fyrir að afl atkvæða ráði úrslitum á stjórnarfundum, þ.e. þrjú atkvæði af fimm í tilviki Eimskips. Til viðbótar er síðan kveðið á um að nánar skuli útfært í starfsreglum stjórnar hvaða ákvarðanir teljist meiriháttar. Er slík tilhögun um margt einstök og lítt í samræmi við íslenskan félagarétt. Vakinn er athygli á því að ekkert þeirra félaga sem skráð eru á aðalmarkað Nasdaq Iceland, utan Eimskips, er með slíkt sérákvæði í samþykktum sínum.

Að lokum er lagt til að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði falla jöfn, í stað þess að tillögur falli á jöfnum atkvæðum eins og nú segir í samþykktum félagsins. Er það í samræmi við heimild í 1. mgr. 71. gr. hlutafélagalaga.

Samandregið telur stjórn Eimskips eðlilegt að meginregla hlutafélagalaga gildi um atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum og að samþykktir félagsins séu í samræmi við samþykktir annarra skráðra félaga. Þess vegna leggur stjórn tillöguna fram. Í kjölfar aðalfundar hyggst stjórn síðan uppfæra starfsreglur stjórnar félagsins svo þær verði í samræmi við það sem tíðkast hjá öðrum skráðum félögum.

7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn félagsins leggur ekki til efnislegar breytingar á starfskjarastefnu félagsins heldur einungis formbreytingar. Stjórn félagsins leggur til að stefnan verði samþykkt eins og hún er lögð fram. Starfskjarastefnan er meðfylgjandi á sér skjali.

8. Kosning stjórnar félagsins

Skýrsla tilnefningarnefndar Eimskips og tillögur hennar um tilnefningu stjórnarmanna er birt með þessum endanlegum tillögum stjórnar til aðalfundar. Einstaklingar sem nefndin tilnefnir ekki verða ekki sjálfkrafa í kjöri til stjórnar félagsins á aðalfundi. Almennur frestur skv. samþykktum til að bjóða sig fram til stjórnar rennur út 26. febrúar 2024 kl. 15:00. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að stjórnarlaun vegna ársins 2024 verði sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 700.000 á mánuði
Varaformaður	kr. 570.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 380.000 á mánuði
Varamenn	kr. 140.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 380.000 fyrir hvern mánuð
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í starfskjaranefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í Tilnefningarnefnd	kr. 140.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

10. Kosning endurskoðenda

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, verði kjörið sem endurskoðunarfélag Eimskipafélags Íslands hf. fyrir árið 2024.

11. Tillaga stjórnar um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd

Stjórn leggur til að Alexander Edvardsson verði tilnefndur sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd félagsins.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram m.v.t. 10. gr. laga nr. 6/2024, um breytingu á ársreikningalögum nr. 3/2006, sem birtist í Stjórnartíðindum 15. febrúar 2024.